

Grunnvatnsrennsli við Myrkurtjörn

Árni Hjartarson

Greinargerð ÁH-80/02

GRUNNVATNSRENNSLI VIÐ MYRKURTJÖRN

Að beiðni Björns Erlendssonar fór undirritaður með honum upp að Myrkurtjörn í Seljadal í Mosfellshreppi til að meta möguleika á öflun grunnvatns með borunum í nágrenni tjarnarinnar.

Myrkurtjörn er minnst fjögurra tjarna í Seljadalsmynni. Hinar eru Silungatjörn, Krókatjörn og Leirtjörn. Allar liggja þessar tjarnir í jökulsorfnunum dældum á mörkum unglegs grágrýtis og eldra basalts, sem talið er meira en 700.000 ára gamalt. Grágrýtið er all vel vatnsleiðandi en eldra bergið mun þéttara. Smá lindir og dýjavætlur koma upp á mörkum þessara jarðmyndana vestur af Myrkurtjörn. Benda þær til nokkurs grunnvatnsstreymis um grágrýtið. Stærsti lindalækurinn var í dag um 4 l/sek. og 4,5°C. Gera má ráð fyrir að þessar lindir minnki mjög að sumrinu

Með borunum vestan og sunnan Myrkurtjarnar tel ég líkur á að fá megi nokkurt vatn. Litlar líkur eru til, að það komi sjálfrennandi úr jörðu, heldur má heita næsta víst að því verði að dæla. Í eldra bergið tel ég ekki vænlegt að bora í þessu skyni.

Um möguleika á borun eftir heitu vatni vil ég sem fæst segja. Þó vill svo til, að Jarðhitadeild Orkustofnunar hefur á þrjónunum að láta bora svokallaða hitastigulsholu á þessum slóðum og fást þá væntanlega upplýsingar um jarðhita.

Björn Hjartarson

